

Reglugerð nr. 456/1994 um fuglaveiðar og nýtingu hlunninda af villtum fuglum með síðari breytingum

Textinn hér að neðan er samsettt reglugerð nr. 456/1994 um fuglaveiðar og nýtingu hlunninda af villtum fuglum, með áorðnum breytingum til 15. ágúst. 2023. Sé misræmi milli þess texta sem birtist á vefsíðunni og þess texta sem birtur er í útgáfu B-deildar stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.

1. gr.

Í reglugerð þessari merkir:

Friðun: bann við veiðum og öðrum aðgerðum sem geta aukið vanhöld eða dregið úr viðkomu fugla af tiltekinni tegund. Þegar rætt er um friðun, tekur hún einnig til eggja og hreiðra þeirra fugla sem njóta algerrar eða tímabundinnar friðunar.

Veiðar: að handsama eða drepa villta fugla og taka egg þeirra.

Villtir fuglar: allir fuglar aðrir en gæludýr og bústofn. Fugl, sem er handsamaður og hafður á haldi, telst villtur fugl.

Tjón af völdum villtra fugla: fjárhagslegt tjón sem einstaklingar, fyrirtæki eða aðrir verða fyrir, heilsufarslegt tjón fólks eða búfænaðar og tjón á náttúru landsins.

Netlög: hafsvæði 115 m út frá stórstraumsfjörumáli landareignar eða 115 m út frá bakka stöðuvatns sem landareign liggur að. Netlög fylgja einnig eyjum, hólum og skerjum í sjó og stöðuvötnum.

Landareign: jörð eða annað landsvæði sem er háð beinum eignarrétti einstaklings eða lögaðila, þar með talið sveitarfélag eða ríki.

Fuglabjarg: Varpland bjargfugla í sjávarhömrum. Einkum er átt við svartfugla, en einnig ritu og súlu.

2. gr.

Reglugerð þessi nær til efnahagslögsögu Íslands.

3. gr.

Öllum íslenskum ríkisborgurum, svo og erlendum ríkisborgurum með lögheimili hér á landi, eru fuglaveiðar heimilar í almenningum, á afréttum utan landareigna lögbýla, enda geti enginn sannað eignarrétt sinn til þeirra, og í efnahagslögsögu Íslands utan netlaga landareigna. Skulu þeir hafa aflað sér leyfis til þess samkvæmt lögum nr. 64/1994 og reglum settum skv. þeim.

Landeigendum einum eru heimilar fuglaveiðar og ráðstöfunarréttur þeirra á landareign sinni, nema lög mæli öðruvísi fyrir.

Nú er landareign í sameign en er skipt eftir merkjum og afnota- eða eignarskiptingu og á þá hver sameigandi rétt til fuglaveiða á og fyrir sínum landshluta eða afnotasvæði, nema samkomulag hafi orðið um aðra lögmæta skipan.

Nú er landareign í óskiptri sameign og eru þá landeigendum öllum fuglaveiðar jafnheimilar í þeirri landareign í réttu hlutfalli við afnotarétt lands nema samkomulag verði um aðra skipan.

Þar sem stöðuvatn, firðir, vogar eða sund, sem ekki eru 230 m á breidd, skipta landareignum eiga landeigendur veiðarétt út að miðlínu, svo og í ám og lækjum. Í stöðuvötnum, sem eru breiðari en 230 m, eru landeigendum, sem land eiga að vatninu, einum heimilar veiðar í almenningi þess og eru þær öllum jafnheimilar. Sé forn venja til þess að réttur til fuglaveiða í almenningi stöðuvatns fylgi tiltekinni eða tilteknum landareignum skal sú venja gilda eftirleiðis.

4. gr.

Veiðar eru aðeins heimilar í þeim tilgangi að nýta verðmæti í kjöti og öðrum afurðum eða verjast tjóni. Veiðimanni er skylt að hirða bráð sína. Særi veiðimaður fugl ber honum að elta hann strax uppi og aflífa ef þess er nokkur kostur. Ákvæði þetta gildir einnig þótt særður fugl fari inn á landareign sem veiðimaður hefur ekki leyfi til að veiða á og þá er bráð eign landeiganda.

5. gr.

Við veiðar má eingöngu nota skotvopn sem úr má skjóta fríhendis frá öxl, með þeim undantekningum sem upp eru taldar í liðum 3, 4 og 16. Við fuglaveiðar er óheimilt að nota haglabyssu með hlaupvídd stærri en nr. 12. Við veiðar er m.a. óheimilt að nota:

1. Eitur eða svefnlyf.
2. Sprengiefni, bensín eða önnur efni til þess að svæla með gasi eða reyk.
3. Steina, barefli, eggvopn, skutla, stunguvopn eða áþekka hluti. Þó má nota barefli við hefðbundnar veiðar á fýls-, súlu- og skarfsungum.
4. Net, nema háf til lunda-, álku-, stuttnefju- og langvíuveiða. Fugla, er drepast í netum sem lögð eru til fiskveiða eða kópaveiða, má hvorki bjóða til sölu, selja, kaupa, gefa né þiggja að gjöf. Lifandi fugla skal greiða úr neti og sleppa.
5. Öngla eða önnur tól sem komið er fyrir í æti.
6. Snörur og snörufleka.
7. Fótþoga eða gildirur.
8. Rafbúnað sem getur drepit eða rotað.
9. Segulbandstæki og aðra rafknúna hljóðgjafa.
10. Ljósgefja.
11. Búnað til að lýsa upp skotmörk.
12. Spegla eða annan búnað sem blindar.
13. Búnað til þess að miða í myrkri með rafeindatækjum er stækka eða breyta ímyndinni.
14. Sjálfvirk skotvopn, svo og handhlaðnar fjölskotabyssur (pumpur) og hálf sjálfvirk skotvopn, með skothylkjahólfum sem taka fleiri en tvö skothylki.
15. Lifandi dýr sem bandingja.
16. Hunda til þess að hlaupa uppi bráð. Hunda má hins vegar nota til að finna bráð og sækja særða eða dauða bráð.
17. Vélknúin farartæki, nema báta á sjó enda gangi þeir ekki hraðar en níu sjómílur meðan á veiði stendur. Vélknúin farartæki á landi, [önnur en vélsleða, fjórhjól og önnur torfærutæki,]¹⁾ má nota til að flytja veiðimenn til og frá veiðilendum og þá eingöngu á vegum eða merktum vegaslóðum. Skotvopn skulu vera óhlaðin meðan á akstri stendur. Þau skulu einnig vera óhlaðin nær vélknúnu farartæki á landi en 250 metra.

Umhverfisráðherra getur í samráði við ráðgjafarnefnd um villt dýr veitt tímabundna undanþágu til að nota ofangreindar veiðiaðferðir í vísindaskyni eða ef villtir fuglar valda umtalsverðu tjóni og aðrar aðferðir eru ekki taldar henta.

1) [Breytingareglugerð 800/2005](#), 1. gr.

6. gr.

Veiðar skulu óheimilar á svæðum sem eru friðlýst vegna dýralífs, sbr. auglýsingar þar að lútandi. Mynda- og kvikmyndataka af örnum, fálkum, snæuglum og haftyrdlum við hreiður þeirra er óheimil nema leyfis umhverfissráðuneytisins hafi verið aflað fyrirfram, að fenginni umsögn ráðgjafarnefndar um villt dýr.

Dvöl við hreiður umræddra fugla vegna athugana á lifnaðarháttum þeirra, til upptöku á hljóðum þeirra eða í öðrum þeim tilgangi sem ætla má að geti valdið óæskilegum truflunum, skal vera háð leyfi því sem um ræðir í 2. mgr.

7. gr.

Þar sem talið er að villtir fuglar valdi tjóni einhvern tiltekinn tíma árs eða á svæðum þar sem viðkomandi tegundir eru friðaðar samkvæmt lögum nr. 64/1994 getur umhverfissráðherra, að fenginni umsögn ráðgjafarnefndar um villt dýr, veitt tímabundið leyfi til veiða í því skyni að koma í veg fyrir tjón. Í leyfi skal skrá nafn og kennitölu leyfishafa, gildistíma leyfis svo og mörk þess svæðis sem leyfið nær til og önnur skilyrði. Leyfishafa ber að skila skýrslu til ráðgjafarnefndar um villt dýr sem fyrst að loknum gildistíma leyfis þar sem fram koma upplýsingar um veiðar og mat á árangri.

Haförn, fálki, smyrill, snæugla og brandugla skulu ávallt vera undanskilin ákvæði 1. mgr.

8. gr.

Allir fuglar, þar með taldir þeir sem koma reglulega eða flækjast til landsins, eru friðaðir, nema annað sé tekið fram í reglugerð þessari. Friðun tekur einnig til eggja og hreiðra þeirra fugla sem njóta algerrar eða tímabundinnar friðunar, nema öðruvísi sé ákveðið í reglugerð þessari.

Friðun er aflétt á eftirtöldum tegundum sem hér segir:

1. Allt árið: Svartbakur, sílamáfur, silfurmáfur, hrafn.
2. Frá 20. ágúst til 15. mars: Grágæs, heiðagæs.
3. Frá 1. september til 15. mars: Fýll, dílaskarfur, toppskarfur, []²⁾, []³⁾, stökkönd, urtönd, rauðhöfðaönd, duggönd, skúfönd, hávella, toppönd, hvítmáfur, hettumáfur, rita.
4. Frá 1. september til [25. apríl]⁴⁾: Álka, langvía, stuttnefja, []⁵⁾, lundi.
5. []⁶⁾ [Árið 2022 er heimilt að veiða rjúpu frá og með 1. nóvember til og með 4. desember, frá og með föstudögum til og með þriðjudögum á því tímabili. Ekki er heimilt að hefja veiði fyrr en kl. 12:00 og þá daga sem heimilt er að veiða og þá skal veiði eingöngu standa á meðan birtu nýtur.

Rjúpnaveiðar eru þó alltaf óheimilar á friðuðu svæði, sbr. 9. gr.]¹⁴⁾

6. [Heimilt er að veiða kjóa í og við friðlýst æðarvarp á tímabilinu 15. apríl til 14. júlí.]⁸⁾ Frá 1. september til 15. mars: Helsingi, nema í Austur- og Vestur-Skaftafellssýslum en þar er friðun helsingja aflétt frá 10. september til 15. mars.¹³⁾

Óheimilt er að þeyta flautur, fljúga flugvélum eða vera með annan hávaða að óþörfu í grennd við fuglabjörg. Ennfremur er óheimilt að hleypa af skoti á landi nær fuglabjörgum en 200 m og á sjó nær en 500 m. Aldrei má skjóta fugl í fuglabjörgum. Óheimilt er að veiða fugla í sárum.

²⁾[Breytingareglugerð 519/2016](#), 1. gr., ³⁾[Breytingareglugerð 506/1998](#), 1. gr. ⁴⁾ [Breytingareglugerð 344/2012](#), 1. gr. ⁵⁾ [Breytingareglugerð 765/2017](#), 1. gr. ⁶⁾ [Breytingareglugerð 939/2018](#), 1. gr. ⁷⁾ [Breytingareglugerð 800/2016](#), 1. gr. ⁸⁾ [Breytingareglugerð 511/1994](#), 2. gr. ⁹⁾ [Breytingareglugerð 498/1999](#), 1. gr., ¹³⁾ [Breytingareglugerð 1006/2021](#), 1. gr., ¹⁴⁾ [Breytingareglugerð 1149/2022](#), 1. gr.

9. gr.

[Allar rjúpnaveiðar eru óheimilar innan svæðis sem birt er í viðauka I við reglugerð þessa og markast í norðri af lögsagnarumdæmi Reykjavíkur, Mosfellsbæ, austurhluta Mosfellsheiðar í Grímsnes- og Grafningshreppi og Skálafells og Skálafellshálsi í Grímsnes- og Grafningshreppi, Bláskógabyggð og Kjósarhreppi. Hið friðaða svæði í Skálafelli og Skálafellshálsi markast af Kjósarskarðsvegi (48) frá vegamótum við Þingvallaveg (360) að vegamótum við Meðalfellsveg (461) og þaðan að brú á Svínadalsá og er ánni síðan fylgt að mörkum Reykjavíkur um Svínaskarð. Norðurhluti svæðisins markast síðan af Þingvallavegi frá gatnamótum Kjósarskarðsvegar að Grafningsvegamótum og þaðan af línu sem dregin er í austur frá Grafningsvegamótum í Þingvallavatn. Svæðið markast í austri af Þingvallavatni og fylgir síðan austurbakka Sogs og Ölfusár til sjávar.]¹⁰⁾

¹⁰⁾ [Breytingareglugerð 800/2005](#), a. liður 3. gr.

10. gr.

[Óheimilt er að flytja út, bjóða til sölu eða selja rjúpur og rjúpnaafurðir. Með sölu er átt við hvers konar afhendingu gegn endurgjaldi. [Jafnframt er óheimilt að flytja út, bjóða til sölu eða selja grágæs og afurðir hennar en þó er heimilt að selja uppstoppaða grágæs.]¹⁵⁾

[Sölubann skv. 1. mgr. nær ekki til innfluttra rjúpna og rjúpnaafurða. Innflytjanda og seljanda ber að tryggja að innfluttar rjúpur og rjúpnaafurðir séu þannig merktar við innflutning og sölu að fram komi í hvaða landi þær eru upprunnar.]¹¹⁾

¹¹⁾ [Breytingareglugerð 800/2005](#), b. liður 3. gr., ¹⁵⁾ [Breytingareglugerð 858/2023](#), 1. gr.

11. gr.

Frá 15. apríl til 14. júlí ár hvert eru öll skot bönnuð nær friðlýstu æðarvarpi en 2 km, nema brýna nauðsyn beri til. Á sama tíma má eigi án leyfis varpeiganda leggja net í sjó nær friðlýstu æðarvarpi en 250 m frá stórstraumsfjörumáli.

Í varpi kríu, hvítmáfs og hettumáfs skal heimilt að taka egg þessara fugla en þó aldrei eftir 15. júní ár hvert.

Á takmörkuðum svæðum þar sem eggja- eða ungataka súlu, dílaskarfs, toppskarfs, fýls, skúms, hvítmáfs, ritu, álku, langvíu, stuttnefju, teistu og lunda telst til hefðbundinna hlunninda, skulu friðunarákvæði laga nr. 64/1994 ekki vera til fyrirstöðu því að nytja megir þau hlunnindi eftirleiðis.

Á takmörkuðum svæðum, þar sem veiði fullvaxinna lunda, álku, langvíu og stuttnefju í háf telst til hlunninda, skulu friðunarákvæði laga nr. 64/1994 ekki vera til fyrirstöðu því að nytja megir þau hlunnindi eftirleiðis. Veiðar þessar hefjist ekki fyrr en 1. júlí en ljúki eigi síðar en 15. ágúst.

Á takmörkuðum svæðum, þar sem andavarp (þar með talið æðarvarp) er mikið skal veiðiréttihafa heimilt að taka egg frá eftirtöldum andartegundum: æðarfugli, stökkönd, rauðhöfðaönd, urtönd, duggönd, skúfönd, hávellu, húsönd og toppönd. Við slíka eggjatöku skulu ávallt skilin eftir minnst fjögur egg í hverju hreiðri. Heimilt er og að taka grágæsar- og heiðagæsaregg, en þá skulu eigi færri en tvö egg skilin eftir í hreiðri. Andaregg og heiðagæsaregg, sem tekin eru samkvæmt ákvæðum þessarar málsgreinar, má hvorki bjóða til sölu, selja, kaupa, gefa né þiggja að gjöf. Telji eigandi veiðiréttar sig hafa heimild til nýtingar hlunninda samkvæmt 3. eða 4. mgr. skal hann afla staðfestingar viðkomandi sveitarstjórnar og sýslumanns á rétti sínum. Neiti þessir aðilar að staðfesta heimild veiðiréttarhafa sker umhverfisráðherra úr þeim ágreiningi.

Umhverfisráðherra getur veitt undanþágu til þess að handsama villta fugla, svo sem nýklakta æðar- og grágæsarunga, til ræktunar og undaneldis.

Egg þeirra fugla sem tekin eru samkvæmt 2., 3. og 5. mgr. er óheimilt að unga út án sérstakrar undanþágu umhverfisráðherra.

12. gr.

[Brot gegn reglugerð þessari varða sektum eða fangelsi allt að 2 árum og sviptingu skotvopna- og veiðileyfis.

Gera má lögaðila sekt fyrir brot gegn 10. gr. Um refsíabyrgðina fer eftir II. kafla A almennra hegningarlaga.

Tilraun til brota gegn lögum þessum og reglugerðum, sem settar eru á grundvelli þeirra, varða refsingu sem fullframið brot, sbr. III. kafla almennra hegningarlaga. Hið sama gildir um hlutdeild í brotum.

Gera má upptækt til ríkissjóðs: Ólöglegt veiðifang, egg eða eggjaskurn, veiðitæki og annan búnað sem notaður hefur verið við framkvæmd brots, veiðifang sem boðið er til sölu eða selt í bága við sölubann skv. 10. gr., svo og hagnað af ólöglegri veiði og sölu framangreindra veðmæta. Ekki er það upptöku til fyrirstöðu þótt annar sé eigandi veiðitækis eða annars sem upptaka er heimil á en sá sem sekur hefur reynst um brot á lögum þessum eða reglum settum á grundvelli þeirra. Að öðru leyti skal fara um eignaupptöku samkvæmt ákvæðum 69. gr. almennra hegningarlaga.]¹²⁾

¹²⁾ [Breytingareglugerð 800/2005](#), 4. gr.


13. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum. Jafnframt eru úr gildi felldar reglugerðir nr. 97/1968 um mynda- og kvikmyndatöku af örnum, fálkum, snæuglum og haftyrdlum og nr. 345/1994 um afléttun á friðun svartbaks, sílamáfs, silfuramáfs og hrafns. Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða: Þessi stytting á veiðitíma helsingja sem ákveðin er til friðunar á varpstofni helsingja í Austur-Skaftafellssýslu skal endurskoða eigi síðar en 1. ágúst 2003.

Umhverfisstofnun, 17. ágúst 1994.

VIÐAUKI ¹²⁾



¹²⁾ Breytingareglugerð 800/2005, 5.gr .